

STJÓRNARTÍÐINDI B 48 – 1999

22. maí 1999

999

Nr. 363

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 602/1997 um Lánasjóð íslenskra námsmanna.

1. gr.

Á eftir 12. gr. komi ný grein, sem verði 13. gr., svohljóðandi:

Lánþegi, sem tekið hefur lán skv. lögum nr. 21/1992 og skv. lögum nr. 72/1982 eða eldri lögum, skal fyrst endurgreiða lán tekin skv. lögum nr. 21/1992. Á því ári, sem hann lýkur endurgreiðslu láns skv. lögum nr. 21/1992, hefur hann jafnframt endurgreiðslu eldri lána og skal upphæð heildarársgreiðslu miðast við hámarksgreiðslu skv. lögum nr. 72/1982 eða eldri lögum en fjárhæð ársgreiðslunnar skal þó aldrei vera hærri en full ársgreiðsla hefði verið skv. lögum nr. 21/1992.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytinu, 22. maí 1999.

Björn Bjarnason.

Pórunn J. Hafstein.

20. maí 1999

Nr. 364

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um viðurkenningu flokkunarfélaga vegna eftirlits með skipum nr. 153/1994.

1. gr.

4. töluliður 1. gr. orðast svo:

Fullnægja skilyrðum ályktunar Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar um viðmiðunarreglur vegna leyfisveitingar fyrir stofnanir sem starfa á vegum stjórnvalda nr. A.739(18) sem samþykkt var 4. nóvember 1993 og viðauka við þá ályktun nr. A.789(19) um forskriftir hvað varðar eftirlits- og vottunarhlutverk viðurkenndra stofnana sem starfa á vegum stjórnvalda.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um eftirlit með skipum nr. 35/1993 með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Gutenberg